

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 3. desember 2021.

Staður: Skrifstofa / fundarherbergi 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.17.40.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Viðar Halldórsson, Aðalbjörg Óladóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Sylvía Ósk Speight og Már Sveinbjörnsson.

### Dagskrá:

#### 1. Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Kynningar hafa verið í gangi á starfinu, bæði í streymi og fundum á staðnum. Síðasti fundurinn í kynningunum fór fram 24. nóvember sl. í Kaplakrika í Hafnarfirði.

Mikilvægt er að allir sem koma að íþróttastarfi kynni sér hvaða þjónustu samskiptaráðgjafinn veitir. Hægt er að horfa á kynninguna m.a. á Facebooksíðu ÍSÍ. Nánari upplýsingar eru einnig á heimasíðu samskiptaráðgjafans [www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is). Umræður um kynningarnar og starf samskiptaráðgjafans, uppflettingar í sakaskrá, persónuverndarmál o.fl. tengt þessum málaflokki.

#### 2. Fjárhagsáætlun ÍBH, Afrekssjóður ÍBH 2022

Sá hluti sem snýr að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2022 lagður fram til kynningar.

#### 3. ÍSÍ bikar

Engar umsóknir bárust frá félögum. Stjórn ÍBH tilnefndi félag. Bikarinn verður afhendur á Íþróttá- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 28. desember nk.

#### 4. Samningur ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarkaupstaðar

Drög að samningi til styrktar íþróttastarfi yngri en 18 ára, lögð fram til kynningar. Stefnt er að því að undirrita nýjann samning 28. desember nk. til þriggja ára.

#### 5. Skammstöfun BFH

Bréf frá Brettafélagi Hafnarfjarðar dagsett 27. nóvember sl. lagt fram. Brettafélag Hafnarfjarðar hefur notað skammstöfunina BFH frá árinu 2011 og er sú skammstöfun skráð hjá ÍBH, SKÍ, HRÍ og ÍSÍ. Blakfélag Hafnarfjarðar sem er stofnað 3. mars 2019 er einnig að nota þessa skammstöfun í merki sínu. Stjórn ÍBH felur framkvæmdastjóra ÍBH að rita Blakfélagi Hafnarfjarðar bréf, þar sem farið er fram á að Blakfélag Hafnarfjarðar breyti skammstöfun félagsins. Framkvæmdastjóri ÍBH verði síðan í sambandi við Blaksamband Íslands og ÍSÍ.

#### 6. Þinggerð 52. þings ÍBH 2021

Samþykkt.

#### 7. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.